

STJÓRNARTÍÐINDI A 24 – 1998

Nr. 131

466

19. desember 1998

FORSETABRÉF um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 19. desember 1998 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 6. janúar 1999.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

Nr. 132

LÖG

22. desember 1998

um breyting á lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimili Landmælinga Íslands er á Akranesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.